

Fundur spyrnuráðs AKÍS 20.11.2020

Ritari: Stefán Örn Steinþórsson

Sími: 8669282

Mæting:

Stefán Örn Steinþórsson

Ingólfur Arnarson

Jónas Freyr Sigurbjörnsson

Email samskipti.

Ekki var mögulegt að halda stöðufund með keppendum eins og til stóð vegna covid.

Yfirfarnar reglur og ræddar mögulegar breytingar.

Skoðað hvort breyta ætti reglu 7.1 um refsingar vegna aksturs yfir markalínur vegna merkinga á braut KK, Við skoðun á FIA reglum kom í ljós að okkar reglur eru samhljóða þeim og ekki talið gott að breyta, setja þarf sérreglu í keppnum KK sem gerir keppendum ljóst að heimilt er að aka yfir málaða hliðarlínu þar án refsinga.

Breytingar á index reglu í OF flokki kvartmílu svohljóðandi: (gult er breyting og rautt fellur út)

6.1.8.8.b Ákvarðaður er kennitími fyrir hvert keppnistæki sem tekur mið af þyngd, slagrymi og reiknuðum

aflstuðli fyrir hverja kúbiktommu vélar. Aflstuðull er fundinn með eftirfarandi reikniformúlu: $(2,5 - (\text{slagrymi} /$

$1000))$ Hestöfl eru fundin með eftirfarandi reikniformúlu: $(\text{aflstuðull} * \text{slagrymi}) = ((2,5 - (\text{slagrymi} /$

$1000))$ eða (NA er 2,3(slagrími /920) * slagrymi) Kennitími eru fundinn með eftirfarandi reikniformúlu: $(\text{þyngd} / \text{hestöfl}) ^ (1/3) * 3.67$

6.1.8.8.c Reiknivél fyrir index má finna hér: <http://foo.is/calc/of-index-2018tillaga.html>

6.1.8.8.d Fari keppnistæki meira en 0,100 sek niður fyrir reiknaðan kennitíma í keppni þá lækkar kennitíminn í næstu ferð um þann tíma sem er umfram 0,100 sek.

Kennitími lækkar varanlega í hvert sinn sem farið er undir 0,100 sek undir kennitíma.

6.1.8.8.d.i fyrir fyrstu 0,5 sek. um 20% af frávikinunni, námundað við 1/100 hluta úr sekúndu;

6.1.8.8.d.ii fyrir allt umfram 0,5 sek. um 100% af frávikinunni, námundað við 1/100 hluta úr sekúndu.

6.1.8.8.e Sjá töflu sem sýnir frávik og skilyrta lækkun kennitíma.

0,010-0,049 sek 0,00 sek

0,050-0,099 sek 0,01 sek

0,100-0,149 sek 0,02 sek

0,150-0,199 sek 0,03 sek

0,200-0,249 sek 0,04 sek

0,250-0,299 sek 0,05 sek

0,300-0,349 sek 0,06 sek

0,350-0,399 sek 0,07 sek

0,400-0,449 sek 0,08 sek

0,450-0,499 sek 0,09 sek

0,500 sek 0,10 sek

allt umfram 0,500 sek bætist að fullu við í heilum hundruðshlutum

0,600 sek 0,20 sek

1,000 sek 0,60 sek

Skoðað hvernig best er að koma skýrum vinnureglum um hvernig skuli taka á því ef keppendur keyra undir búratíma og ákveðið að bæta við nýrri reglu 5.1.5. svo hljóðandi:

5.1.5. Bílar sem þurfa veltibúr samkvæmt spyrnureglum FIA skulu hafa gilda AKÍS vottun á veltibúrinu, AKÍS vottuð veltibúr annara keppnisgreina gilda einnig að 8.50 sek í kvartmílu.

5.1.5.a. Bílar sem keyra hraðar en 8.50 sek kvartmílu (5.35 í 1/8) þurfa AKÍS vottun samkvæmt viðeigandi SFI staðli og þá skal heiti staðalsins og leyfileg tímamörk skráð í skoðunarvottorð búrsins og á límmiða á veltibúrinu.

5.1.5.b. Aki keppandi hraðar en vottun veltibúrs/grindar segir til um ber keppnishaldara að tilkynna keppandanum um brotið og skrá athugasemd í skoðunarskýrslu bílsins. Keppandi skal þá gera úrbætur og fá hraðari vottun fyrir næstu keppni eða aka hægar.

5.1.5.c. Aki keppandi meira en 0.2 sek hraðar en vottun leyfir varðar það brottvísun úr keppni.